



Reykjavík, 21. mars 2024  
USK23100288

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Byggingarfulltrúi

### Svar við fyrirspurn

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um stöðu á úthlutuðum en óbyggðum lóðum í eldri hluta Úlfarsárdals árið 2023. Síðast var vitað um 30 sérbýlislóðir, allt lóðir sem Reykjavíkurborg bauð út árið 2006 og seldi hæstbjóðendum og fékk greitt fyrir þær fyrir 15-16 árum. Á þessum lóðum má víða sjá rusl og drasl og oft byggingarefni sem legið hefur á víð og dreif um lóðirnar og fokið um hverfið. Umræðuna um lóðarskort þarf ekki að kynna. Það sárvantar húsnæði sem hefur leitt til þess að fasteignamarkaðurinn er ekki í jafnvægi. Þegar skipulagsyfirvöld veita byggingarleyfi eiga að fylgja því tímamörk sem umsækjandi hefur til að ljúka framkvæmdum.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa þann 22. nóvember 2023.

Svar:

Neðangreint er um stöðu lóða sem voru nýlega til skoðunar í hverfi og samkvæmt ábendingum þar sem umsóknir um byggingarleyfisáform hafa verið endurnýjuð og með nýjum umsækjendum. Lóðir hafa verið endurúthlutaðar hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Sum byggingarleyfi bíða enn útgáfu leyfis með heimild til framkvæmda samkvæmt byggingarreglugerð. Byggingarleyfisáform falla úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið útgefið innan tveggja ára frá samþykkt og sömuleiðis heimild til framkvæmda fellur úr gildi samkvæmt útgefnu leyfi hafi framkvæmdir með skráðum ábyrgðaraðilum ekki hafist innan eins árs frá útgáfu þess. Byggingarfulltrúi hefur til upplýsinga verið að ná sambandi við lóðarhafa og byggingarstjóra samkvæmt ábendingum sem borist hafa um tilteknar lóðir með tilmælum að lóð sé ekki notuð sem geymslusvæði, að hreinsa til og að öryggis sé gætt þannig að ekki sé hætta á foktjóni eða önnur hætta gagnvart nágrönnum og vegfarendum.

Lóðarheiti	Landnr.	Byggingaleyfi	Samþ.dags.	Útg. dags.
Friggjarbrunnur 31-33	205809	BN059740	12.10.2021	21.2.2022
Friggjarbrunnur 39-41	205811	BN060491	14.6.2022	2.5.2023
Gefjunarbrunnur 10	206030	BN058745	22.6.2021	4.7.2022
Gefjunarbrunnur 6-8	206028	USK23080233	12.9.2023	óútgefið
Gefjunarbrunnur 7	206007	USK23020093	9.5.2023	óútgefið
Gerðarbrunnur 7	211698	BN060992	31.1.2023	óútgefið



Reykjavík



Gerðarbrunnur 16	206054	BN058319	20.10.2020	4.1.2021
Gerðarbrunnur 46	206061	BN060415	21.6.2022	19.8.2022
Iðunnarbrunnur 13	206073	BN057855	8.9.2020	óútfið
Iðunnarbrunnur 15	206074	BN060509	18.4.2023	2.6.2023
Iðunnarbrunnur 16	206083	BN056434	26.11.2019	3.4.2020
Iðunnarbrunnur 7	206007	USK23020093	9.5.2023	óútfið
Sifjarbrunnur 7	211684	BN060582	12.7.2022	12.6.2023
Urðarbrunnur 13	205766	BN058718	13.4.2021	18.8.2021
Urðarbrunnur 15	211720	BN059649	5.10.2021	10.11.2021
Urðarbrunnur 19	211722	BN061581	29.11.2022	30.3.2023
Urðarbrunnur 96	211735	BN059341	25.1.2022	óútfið
Urðarbrunnur 98	205801	BN059490	25.1.2022	óútfið

Virðingarfyllt,  
Brynjar Þór Jónasson  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Byggingarfulltrúi*



**Reykjavík**